Skýrsla stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni
lögð fram á aðalfundi 6. maí 2021

I. Inngangur

Inngangsorð

Það verður ekki annað sagt en að síðasta starfsár FEB hafi verið einstakt í sögu félagsins eins og hjá lang flestum félögum, fyrirtækjum og einstaklingum í heiminum, sökum COVID faraldursins. Faraldurinn gerði það að verkum að oft á tíðum þurfti að stoppa nær alla starfsemi FEB nánast samdægurs, en á móti var allt gert til að rífa starfsemina í gang um leið og samkomutakmarkanir voru rýmkaðar. Það gekk samt aldrei svo langt að grípa þyrfti til þess ráðs að loka skrifstofunni og var lagður metnaður í það að halda úti allri þeirri þjónustu sem hægt var miðað við ástandið hverju sinni. Unnið var í nánu sambandi við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar í þessari ákvarðanatöku.

Það er mikið gleðiefni að félagsmönnum hefur fjölgað talsvert og er fjöldi þeirra í dag orðinn um það bil 13.300 sem er ómetanlegur styrkur fyrir félagið. Um er að ræða margbreytilegan hóp sem spannar vítt svið með mismunandi þarfir. Stjórnin lagði sig fram um að mæta þessum þörfum eftir bestu getu, eins og ástandið leyfði á starfsárinu, þó einhverjum finnist kannski ekki nóg að gert. Mikil vinna hefur verið lögð í baráttuna fyrir bættum kjörum og mætti sú vinna vera sýnilegri hinum almenna félagsmanni, en því miður er of oft talað fyrir daufum eyrum valdhafanna. Þessi vinna hefur verið unnin í góðri samvinnu með Landssambandi eldri borgara ásamt öðrum aðildarfélögum innan LEB. Félagið hefur reynt eftir bestu getu að halda úti öllu því félagslífi sem samkomutakmarkanir leyfðu hverju sinni og hefur m.a. verið að bjóða ný námskeið sem henta vel þeim hópi sem annars væri á faraldsfæti í eðlilegu árferði. Félagið fékk ferðaskrifstofuleyfi á starfsárinu og fór margar geysi vinsælar innanlandsferðir á árinu og stefnir í enn fleiri mjög áhugaverðar ferðir á næstunni.

Baráttan fyrir bættum kjörum eldri borgara þessa lands er stöðug og það má segja að hið opinbera hefur búið eldra fólki, 67 ára og eldra, lífskjör sem líkja má við spennitreyju. Allir þeir eldri borgarar með tekjur sem eru undir meðaltekjum í samfélaginu er nánast gert ókleift að bæta kjör sín hvort sem er með lífeyri, sparnaði eða atvinnu. Það gerist með því að ellilífeyri frá TR skerðist um ríflegt hlutfall af þeim öðrum tekjum sem aldraðir hafa. Nú er lag að láta í okkur heyra þar sem fram undan eru Alþingiskosningar en þá reynist oft auðveldara að þrýsta á stjórnmálaflokkana. Stjórnin hefur haft þetta í huga í allri sinni baráttuvinnu síðustu mánuði og lýsir miklum vonbrigðum með hversu lítið hefur gengið að leiðrétta launakjör eftirlaunafólks þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar stjórnmálamanna undanfarin misseri. Það má í engu slaka á í þeirri vinnu að ná fram réttlátum leiðréttingum á launakjörum eftirlaunafólks

Stjórnin lýsir ánægju sinni yfir því hversu vel hefur tekist að halda utan um eldri borgara landsins á tímum COVID-19 og þakkar það að landsmenn hafi verið þeirra gæfu aðnjótandi að farið var eftir tillögum sérfræðinga í hvívetna í baráttunni við veiruna.

Stjórn félagsins

Á aðalfundinum 2020 var kosinn nýr formaður FEB og einnig fóru fram kosningar í stjórn.

Nýr formaður var kosinn Ingibjörg H. Sverrisdóttir. Nýir í stjórn voru kosnir: Kári Jónasson (var áður í varastjórn), Sigurbjörg Gísladóttir, Viðar Eggertsson og Ingibjörg Óskarsdóttir í aðalstjórn og Finnur Birgisson (var áður í stjórn), Haukur Arnþórsson og Sverrir Örn Kaaber í varastjórn. Fyrir í stjórn og áttu rétt á áframhaldandi stjórnarsetu voru Ólafur Örn Ingólfsson og Róbert Bender í aðalstjórn.

Stjórnin skipti með sér verkum; Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður, Sigurbjörg Gísladóttir varaformaður, Ingibjörg Óskarsdóttir gjaldkeri, Róbert Bender ritari, Kári Jónasson, Viðar Eggertsson og Ólafur Örn Ingólfsson meðstjórnendur. Varamenn eru Finnur Birgisson, Haukur Arnþórsson og Sverrir Örn Kaaber. Síðar á starfsárinu tók Viðar Eggertsson að sér ritarastarfið.

Stjórn fer skv. lögum félagsins, með æðsta vald í málefnum þess milli aðalfunda og ber ábyrgð á fjármálum og öllum rekstri. Ákvarðanir um óregluleg útgjöld eða fjárhagslegar skuldbindingar félagsins skulu teknar á formlegum stjórnarfundi. Góð mæting er jafnan á stjórnarfundum FEB.

Þau Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður, Kári Jónasson, Sigurbjörg Gísladóttir og Viðar Eggertsson munu sitja áfram í stjórn næsta árs og þau Finnur Birgisson, Ólafur Örn Ingólfsson, Ingibjörg Óskarsdóttir, Sverrir Örn Kaaber og Róbert Bender hafa boðið sig fram til endurkjörs. Fráfarandi stjórnarmönnum er hér með þakkað fyrir vel unnin störf í þágu Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

Fjármál FEB

Síðasta ár reyndist félaginu erfitt fjárhagslega þar sem verulega dró úr stórum tekjuþáttum vegna COVID. Þar ber helst að nefna að útleiga á sal félagsins stoppaði algjörleg því engar voru veislurnar eða fundirnir. Hætta varð við nokkrar stórar innanlandsferðir á árinu og verulega dró úr öllu félagsstarfi og námskeiðum um tíma. Þessu var mætt með aðalhaldsaðgerðum þar sem ekki var ráðið inn í stað starfsmanns sem hætti í apríl 2020 og hefur ekki enn verið gert. Félagið fór í fjáröflun og gaf út tækifæriskort sem send voru til allra félagsmanna og þeim gefinn kostur á því að kaupa þau á sanngjörnu verði. Þegar upp er staðið er niðurstaða ársreiknings FEB ásættanleg og í raun varnarsigur þegar tekið er mið af aðstæðum.

Húsnæði félagsins

Á húsinu í Stangarhyl 4 hvílir bankalán frá því að það var keypt, árið 2005. Lánið er til 30 ára og nam upphaflega 35 milljónum króna og stendur enn í 34 milljónum króna þar sem það hækkar í takt við verðlagsbreytingar. Lánið er í fullum skilum en af því eru mánaðarlega greiddar afborganir, vextir og verðbætur.

Hin síðari ár hefur verið reynt að viðhalda húsnæðinu svo sómi sé af, en það má alltaf gera betur. Félagið hélt að sér höndum hvað viðhald varðar á síðasta rekstrarári þar sem ástand hússins bauð upp á það og lítið mæddi á húsnæðinu.

II. Bygging Árskóga 1-3

Á því starfsári sem nú er að ljúka náðist að gera endanlega upp verkefnið er varðaði byggingu íbúða ætluðum félagsmönnum í Árskógum 1-3. Verkefninu lauk þannig að bæði kaupendur og félagið gengu nokkuð sáttir frá borði eftir erfitt ferli fyrri ára, þar sem um tíma stefndi í gjaldþrot félagsins. Hefur þessi reynsla orðið til þess að núverandi stjórn vildi stíga varlega til jarðar í næstu skrefum er varðar íbúðarbyggingar ætluðum félagsmönnum og hefur stjórnin verið að skoða ýmsar nýjar leiðir þó engin ákvörðun liggi fyrir.

III. Félagsstarf og skrifstofa

Félagsstarfið þurfti að aðlaga oft á starfsárinu til samræmis við þær samkomutakmarkanir sem voru við líði hverju sinni. Sumt félagsstarf lagðist því miður alveg af, þar sem smithættan var talin mest, enda eru félagsmenn FEB afar viðkvæmur hópur þegar um COVID veiruna er að ræða, en í öðru félagsstarfi var nýjum kennsluaðferðum beitt. Eitt stærsta námskeið FEB var alfarið fært yfir í fjarvinnslukerfið Zoom um tíma.

Ferðir

Síðasta sumar var sveiflukennt í ferðaþjónustunni. Allar glufur voru nýttar til að fara þær ferðir sem voru á dagskrá sumarsins en þó neyddist félagið til að fella niður nokkrar ferðir m.a. stórar langar rútuferðir, þar sem nándin var of mikil í of langan tíma.

Ferðatímabilið hófst með hinum árlegu Íslendingasagnaferðum í maí en að þessu sinni var farið um slóðir Laxdælu undir stjórn þeirra Baldurs Hafstað og Magnúsar Sædal. Um tvær dagsferðir var að ræða.

Þann 20. júní var farin dagsferð til Vestmannaeyja undir fararstjórn Kára Jónassonar og í Eyjum var það Gerður Guðný sem leiddi hópinn í allan sannleikann um landslag og líf í Eyjum.

FEB skipulagði síðan nýja ferð norður í Húnaþing á slóðir Agnesar og Friðriks sem farin var um miðjan júní þar sem gist var eina nótt á Laugarbakka. Kári Jónasson var farastjóri en auk þess var Magnús Ólafsson á Sveinsstöðum fenginn til að segja frá og fara með eldri borgara á aftökustaðinn sjálfan - Þrístapa og nágrenni.

Eftir Húnaþingsferðina neyddist FEB til að gera hlé á ferðum félagsins vegna COVID þar til í lok ágúst þegar farið var um Suðurströnd og austur í Öræfi með gistingu eina nótt á Smyrlabjörgum. Enn og aftur sá hinn eini og sanni Kári Jónasson um farastjórn, en hann er dýrmætur hlekkur í FEB ferðakeðjunni.

Þann 3. september lá leið félagsmanna á Njáluslóðir þar sem Guðni Ágústsson naut sín vel í farastjórn, en um var að ræða dagsferð.

Að lokum náðum við að fara dagsferð seinni hlutann í september á Suðurnes undir leiðsögn Magnúsar Sædal.

Mikil aðsókn var í allar FEB ferðirnar s.l. sumar og stefnum við á margar skemmtilegar ferðir næstu vikur og mánuði. Er aðsóknin nú þegar orðin það mikil að uppselt er í þær nokkrar. Stefnt er að fjölgun ferða til að koma á móts við sem flesta.

Lestur Íslendingasagna

Íslendingasagnanámskeiðið tók stökk inn í nútímann þegar fjarvinnslukerfið Zoom var nýtt til að halda námskeiðinu áfram þegar ekki var lengur heimilt að koma saman. Til að gera þetta kleift voru útbúnar leiðbeiningar fyrir alla þá sem skráðir voru á námskeiðið og í framhaldinu boðið upp á örnámskeið fyrir þá sem það vildu. Árangurinn var einstaklega góður þar sem lítið fækkaði í hópnum þrátt fyrir nýjar kennsluaðferðir. Zoom-ið er komið til að vera, samhliða því að mæta í sal, til að gera þeim kleift að mæta sem ekki eiga heimangengt hverju sinni. Íslendingasagnanámskeið heldur áfram að auka við vinsældir sínar og ferðirnar sem farnar eru á söguslóðir að námskeiðunum loknum fyllast alltaf, enda um einstaklega skemmtilegar ferðir að ræða með fróðum leiðsögumönnum. Baldur Hafstað annaðist kennsluna með mikilli prýði, eins og áður, en á starfsárinu var farið yfir Hrólfs sögu kraka, Ragnars sögu loðbrókar, Bárðar sögu Snæfellsáss og Þórðar sögu hreðu.

Skákdeild

Skákfélagið Æsir hefur um marga ára skeið efnt til taflmennsku fyrir félagsmenn, einu sinni í viku nær alla mánuði ársins á þriðjudögum kl. 13:00. En vegna COVID ástandsins var skákfélagið í dvala um langt skeið á

síðasta starfsári en hefur nú flautað aftur til leiks við mikinn fögnuð þeirra sem una þessari göfugri íþrótt. Formaður skákdeildarinnar er Garðar Guðmundsson.

Kór FEB

Kór Félags eldri borgara varð því miður að gera hlé á starfi sínu vegna COVID þar sem ekki var talið forsvaranlegt að halda kórnum úti vegna smithættu. Vonar stjórnin að hægt verði að taka upp þráðinn í haust og væri það mikill missir ef það gengi ekki eftir.

Göngu-Hrólfar

Yfir vetrartímann fer vaskur hópur félagsmanna í gönguferðir frá Stangarhylnum á miðvikudagsmorgnum kl. 10:00, mismunandi langar eftir veðri og aðstæðum. Gengið er í um klukkustund og síðan er sest niður og spjallað yfir kaffi og rúnstykkjum. Þessi hópur hefur ekki látið COVID slá sig út af laginu þrátt fyrir hertar sóttvarnarreglur þó upp hafi komið þau tímabil að þeim var ekki heimilt að mæta í húsnæði FEB vegna fjöldatakmarkanna.

Dansleikir

Á síðasta starfsári reyndist erfitt að halda úti dansleikjum. Þó voru nokkrir góðir dansleikir haldnir síðasta sumar meðan sóttvarnarreglur og fjöldatakmarkanir leyfðu. Til margra ára hafa dansleikir verið haldnir á sunnudagskvöldum hér í Stangarhylnum nær allt árið um kring. Það hefur því reynst erfitt fyrir þá sem elska að mæta og dansa að hafa ekki getað það. En við trúum að með batnandi ástandi og bólusetningu sem flestra að hægt verði að taka upp þráðinn fyrr en seinna.

Zumba

Í eðlilegu árferði er dansað Zumba Gold 60+ í salnum tvo morgna í viku. Eru þessir tímar sérstaklega ætlaðir fólki yfir miðjan aldur. Tanya Dimitrova sér um dans og æfingar. Þátttaka hefur verið góð og allir skemmt sér vel. Á hverjum vetri er Tanya með byrjendahóp til að koma á móts við alla félagsmenn sem áhuga hafa. Hér eins og annars staðar í félagsstarfinu höfum við þurft að snögghemla um stund og gefa í til skiptist, allt eftir COVID ástandinu hverju sinni.

Enska

Enskunámskeiðin hennar Margrétar Sölvadóttur njóta alltaf mikilla vinsælda og á síðasta starfsári reyndi félagið eftir fremsta megni að halda þessum námskeiðum úti, þrátt fyrir ástandið. Stundum gekk það upp og stundum ekki. Margrét leggur áherslu á að námið sé hagnýtt og að fólk öðlist færni í að bjarga sér t.d. þegar það fer til útlanda eða þegar það spjallar við enskumælandi fólk.

Spænska

Tekin var upp sú nýbreytni að bjóða upp á spænskunámskeið þegar aðstæður leyfðu. Félagið fékk til sín einstakan kennara sem margir þekkja og heitir Kristinn R. Ólafsson. Þessi námskeið hafa reynst gríðarlega vinsæl og hefur FEB ekki annað eftirspurn. Fólk sem í eðlilegu árferði hefði varið vetrinum í spænskumælandi landi var nú fast á klakanum og gat því gefið sér tíma til að læra spænsku. Stefnt er að því að halda þessum námskeiðum áfram næsta vetur.

Leikfimi

Með aukinni áherslu í samfélaginu á hreyfingu fólks og sérstaklega þeirra sem eldri eru þá hefur FEB boðið upp á leikfimitíma í salnum. Um er að ræða tíma sem við köllum „Sterk og liðug" þar sem áherslan er á þá sem lengi hafa ætlað sér að byrja í leikfimi og/eða geta ekki stundað hefðbundna líkamsrækt. Þetta námskeið sem er sérsniðið fyrir fólk á besta aldri, sem er ungt í anda hefur svo sannarlega slegið í gegn. Þessi námskeið líkt og Zumba dansarnir, hafa stoppað og byrjað á víxl á síðasta starfsári, allt eftir því hver staðan er á veirunni hverju sinni.

Bókmenntahópur og ljóðaklúbbur
Boðið var upp á námskeið í ýmsum sögum. Höfundur viðkomandi verks er oft fenginn til að ræða verk sitt við hópinn. Jónína Guðmundsdóttir hefur stýrt þessum námskeiðum sem eiga sér dyggan stuðningshóp. Einnig hefur Jónína farið fyrir ljóðaklúbbnum sem er starfandi en þar leiðir hún hópinn og velur efni í samstarfi við aðra þátttakendur. Það hefur gengið nokkuð vel að halda úti þessum hópum á starfsárinu þrátt fyrir ástandið.

Skrifstofan og þjónusta FEB við félagsmenn
Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 10 til 16, nema á föstudögum þá er opið frá kl. 10 til 15. Síminn er opinn alla virka daga frá kl. 10 til 14. Dýrleif Guðjónsdóttir er framkvæmdastjóri félagsins og Jóhanna Ragnarsdóttir skrifstofustjóri.

Starfsfólk skrifstofunnar skipuleggur félagsstarfið og annast allan daglegan rekstur sem og utanumhald um allar ferðir sem í boði eru bæði innanlands og utan með góðri aðstoð ferðanefndar. Það sér um útgáfu afsláttarbókar, heldur utan um öll námskeið félagins, sér um úgáfu á blaði félagsins ásamt stjórn og um reksturinn á sal. Sér um allar tilkynningar og auglýsingar vegna félagsstarfsins og er til svara varðandi hin ýmsu hagsmunamál félagsmanna. Á skrifstofuna kemur og/eða hringir fjöldi félagsmanna í viku hverri til að leita upplýsinga um hin ýmsu mál. Hér þarf einnig að sinna öllum þeim erindum og skilaboðum sem félaginu berast með rafrænum hætti í gegnum heimasíðu félagsins www.feb.is, Facebook og með tölvupósti. Ánægjulegt er sjá þær miklu framfarir sem orðið hafa í tæknilæsi félagsmanna undanfarin misseri.

IV. Starf nefnda og útgáfumál

Kjaranefnd
Eftir aðalfund 2020 var að nýju skipuð kjaranefnd, en sú nefnd hafði ekki verið starfandi í nokkur ár. Hlutverk hennar er að fylgjast með öllu sem varðar hagsmuni og kjör aldraðra og gera tillögur til stjórnar um hvaðeina sem varðar það svið, s.s. um samskipti við stjórnvöld, ályktanir og umsagnir um lagafrumvörp.

Ferðanefnd
Ferðanefnd félagsins vinnur mikið og gott starf og ber hitann og þungann af ferðum félagsins ásamt starfsmönnum skrifstofu FEB. Hér er verkefnið bæði ferðir innan- og utanlands fyrir félagsmenn.

Afsláttarbók
FEB sá um útgáfu afsláttarbókar fyrir Landssamband eldri borgara sem ætluð er fyrir alla félagsmenn innan Landssambandsins m.a. félagsmenn FEB. Nýjasta útgáfan er hin glæsilegasta og tæplega 60% lengri en hún var árið áður.

Félagstíðindi
Félagstíðindi FEB voru gefin út einu sinni á síðasta starfsári og kom blaðið úr prentun rétt fyrir 35 ára afmælisdag félagsins þann 15. mars s.l. og var því hægt að fagna tvöfalt þann dag. Um mjög veglegt blað er að ræða þar sem m.a. er vel tekið á baráttumálum félagsmanna nú í aðdraganda Alþingiskosninga. Einnig eru margar áhugaverðar greinar sem lúta að spennandi áhugamálum, ferðalögum og hreyfingu. Blaðinu var dreift til allra félagsmanna. Nýjasta útgáfa Félagstíðinda er að sjálfsögðu aðgengilegt í rafrænu formi á heimasíðu félagsins (þar má einning finna útgáfuna frá 2020)

V. Grái herinn

Grái herinn varð til í upphafi kosningaársins 2016 sem baráttuhópur eftirlaunafólks innan FEB. Á því ári stóð hann m.a. fyrir mjög fjölmennum fundum í tengslum við kosningarnar, en þá stóð einmitt yfir umfjöllun um umfangsmiklar breytingar á lögunum um almannatryggingar.
Aðalverkefni Gráa hersins á undanförnum misserum hefur verið að standa að málsókn gegn ríkinu fyrir hönd þriggja eldri borgara, þar sem þess er freistað að fá núverandi skerðingarnar í ellilífeyriskerfi almannatrygginga dæmdar ólöglegar. Til þess að tryggja fjárhagslegan grundvöll málsins var stofnaður Málsóknarsjóður Gráa hersins, sem hefur fengið framlög frá fjölmörgum einstaklingum og félögum aldraðra, en einnig frá nokkrum stéttarfélögum og ber þar sérstaklega að nefna ríkulegan stuðning Verslunarmanna-félags Reykjavíkur.
Málið var formlega höfðað með því að ríkinu voru birtar stefnur 23. mars 2020 og var málið síðan þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í lok apríl. Eftir nokkrar fyrirtökur í millitíðinni, m.a. þar sem dómari hafnaði því að málið væri ekki hæft til dómtöku eins og haldið var fram af hálfu ríkisins, þá er staða þess nú sú, að beðið er eftir aðalfyrirtöku hjá Héraðsdómi, sem mun fara fram 7. september n.k.

VI. Lokaorð

Síðasta starfsár reyndist félaginu nokkuð erfitt fjárhagslega þar sem verulega dró úr tekjumöguleikum sökum ástandsins, en niðurstaða ársreiknings er þó ásættanleg m.v aðstæður þar sem verulega var dregið úr kostnaði. Mikil vinna var lögð í að halda úti því félagslífi sem hægt var hverju sinni, því ekki vantaði eftirspurnina. Stjórnin lagði upp með að hrinda hinum ýmsum hugmyndum í verk en því miður var um ramman reip að draga þar sem sóttvarnarreglur stjórnvalda settu félaginu hömlur. Ljóst er að félagsmenn hafa skilning á stöðunni þar sem sama ástand náði yfir alla heimsbyggðina. Stjórnin hefur nýtt tímann í samvinnu við LEB og önnur aðildarfélög LEB til að vinna að hagsmuna- og baráttumálum félagsmanna. Lagðar hafa verið fram tillögur að bættum kjörum og skrifaðar hafa verið greinar um baráttumál eldri borgar í fjölmiðla. Einnig hefur forysta eldri borgara kallað á og fengið fundi með stjórnamálaflokkum og aðilum vinnumarkaðarins þar sem farið hefur verið yfir baráttumál eldra fólks.

Nú hillir undir betri tíma og við horfum björtum augum á framtíðina. Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni eru ein allra stærstu frjálsu félagasamtök á Íslandi með rúmlega þrettánþúsund félagsmenn. Félagar geta allir orðið sem eru 60 ára og eldri. Það er okkar allra að virkja og nýta þann samtakamátt sem felst í slíkum fjölda.

Við þökkum félagsmönnum ánægjulegar stundir á starfsárinu og óskum ykkur gleði og velfarnaðar á nýju ári.

F.h. stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Ingibjörg H. Sverrisdóttir
formaður

Dýrleif Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri